

## **Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um að tryggja jöfn tækifæri barna til þátttöku í frístundastarfi**

Kostnaður vegna þátttöku barns í skipulögðu frístundastarfi getur numið tugum, jafnvel hundruðum þúsunda á ári. Núverandi frístundastyrkjakerfi uppfyllir ekki yfirlýstan tilgang sinn og því er lagt til að borgin samþykki eftirfarandi aðgerðir til að tryggja börnum jafnari tækifæri til þátttöku í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag:

- 1) Frá og með 1. janúar 2024 verði frístundaheimili borgarinnar gjaldfrjáls. Skóla- og frístundasviði og fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra verkferlið.
- 2) Borgarstjórn þrýsti á að fá lagt útsvar á fjármagnstekjur. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að funda með Ríkisstjórn fyrir hönd borgarinnar.
- 3) Íþrótt- og tómstundasviði verði falið að tryggja að aðildarfélag frístundakortsins bjóði upp á möguleikann að dreifa gjöldum gjaldfrjálst í amk fjóra hluta yfir tímabilið sem greitt er fyrir. Með því er komið til móts við foreldra og forráðamenn sem geta ekki lagt út fyrir öllum kostnaði þátttöku- eða æfingagjalds í einni greiðslu.
- 4) Íþrótt- og tómstundasviði verði falið að kortleggja hvað gengur vel í tilraunaverkefnum *frístundir í Breiðholti*, sbr. samþykkt borgarráðs frá 27. ágúst 2020, og leggja fram tillögur til borgarráðs um hvað af því megi yfirfæra á önnur hverfi borgarinnar. Lagt er til að útfærslan nái til allra barna 6-18 ára.

Með þessum tillögum yrði stigið mikilvægt skref í átt til raunverulegs jafnræðis barna óháð efnahag fjölskyldu þeirra.

### **Greinargerð**

Börn hafa engar tekjur og eiga ekki að greiða gjöld. Við búum í samfélagi þar sem flest allar hliðar mannlegs samfélags hafa verið markaðsvæddar. Hver upplifun, reynsla og þátttaka í skipulögðu frístundastarfi barns, er orðin að vöru sem kostar pening, í ofanálag þarf oftast að útvega barninu einhvern búnað, fatnað, hljóðfæri, greiða aðgangseyri eða efnisgjöld. Við búum sömuleiðis í samfélagi þar sem ójöfnuður eykst sífellt og við vitum að samfélagsstaða erfist mjög gjarnan niður kynslóðirnar.

Erfitt er og jafnvel ómögulegt fyrir börn sem búa á fátækum heimilum að taka þátt í frístundastarfi sem þau hafa hæfileika og/eða áhuga fyrir. Börn geta almennt ekki tekið þátt í skipulögðu íþróttastarfi með liðinu í hverfinu nema búið sé að greiða æfingagjöld, kaupa íþróttaskó og fatnað. Barn kemst ekki með í keppnisferðalag nema búið sé að borga fyrir það. Barn sem kemur af fátæku heimili en er með mikla hæfileika dregst afturúr vegna þess að það fer að skipta æ meira máli þegar lengra er náð að geta greitt fyrir æfingabúðir og keppnisferðalög, einkatíma eða -þjálfara. Það er augljóst hvernig það fer með sálarlífið í litlu barni og drauma þess. Samfélagið er ekki að nýta mannauðinn sinn vel ef alltaf er stór hópur barna sem fær ekki tækifæri til að þroskast til sinnar bestu getu og ef börn missa af mikilvægum tækifærum til félagslegra tengsla í jafningjahópi.

### **Saga frístundakortsins og yfirlýst markmið**

Yfirlýst markmið Reykjavíkurborgar með frístundakortinu er að tryggja að börn geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótt-, lista- og tómstundastarfsemi. Um er að ræða styrkjakerfi í frístundastarfi fyrir 6-18 ára börn og unglinga

með lögheimili í Reykjavík. Styrkurinn er 50.000 krónur á ári sem er hugsaður fyrir foreldra til að greiða niður hluta af þátttöku- og æfingagjöldum barna sinna.

Frístundakortið var sett á laggirnar árið 2007 eftir að um það var fjallað í málefnasamningi Framsóknar og Sjálfstæðisflokks árið 2006. Upphæðir frístundakortsins hafa tekið breytingum í gegnum tíðina og voru fyrst um sinn 12 þúsund krónur. Í málefnasamningi þeirra flokka sem nú mynda meirihluta kemur fram að frístundastyrkurinn verði hækkaður upp í 75 þúsund krónur frá 1. janúar 2023.

Þátttaka í íþrótt- og frístundastarfi og nýting frístundakorts hefur verið lægri í Breiðholti miðað við önnur hverfi borgarinnar. Árið 2020 samþykkti borgarráð tilraunaverkefnið *frístundir í Breiðholti* sem felur m.a. í sér að framlag til barna í 1.-2. bekk grunnskóla í Breiðholti fer úr 50.000 krónum í 80.000 krónur. Þar að auki er allt frístundastarf í boði fyrir þau börn óháð kostnaði starfsins. Börnum er einnig gefinn kostur á að prófa og því að geta fært sig á milli frístundavalkosta án aukagjalds og boðið er upp á frístundarútu án endurgjalds ásamt fleiri þáttum.

[https://reykjavik.is/sites/default/files/12\\_frirstundir\\_i\\_breidholti\\_-\\_thriggja\\_ara\\_tilraunaverkefni\\_2020-2023\\_r20050097.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/12_frirstundir_i_breidholti_-_thriggja_ara_tilraunaverkefni_2020-2023_r20050097.pdf).

### Fátækt eykst meðal barna

Ljóst er að ójöfnuðurinn í samfélaginu nær inn í frístundaþátttöku barna. Árið 2021 bjuggu ríflega 13% barna á heimilum undir lágtekjumörkum, það hlutfall var hærra en hlutfall allra landsmanna sem bjuggu við sömu aðstæður. Árið 2021 var hlutfall barna sem skorti efnisleg gæði 4,2% samanborið við 3,7% allra landsmanna. Þetta kemur fram í nýjustu útgáfu Hagtíðinda og ljóst er að hlutfall barna sem búa við skort á efnislegum gæðum fer hækkanði.

<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/lifskjor/felagsvisar-lagtekjuhlutfall-og-skortur-a-efnislegum-gaedum-medal-barna-a-islandi/>.

Efnislegur skortur barna er mestur á sviði tómsunda samkvæmt skýrslu Unicef sem var birt árið 2021. Þar kemur fram að árið 2018 hafi 17% barna á aldrinum 6-15 ára búið á heimili þar sem barn skorti skipulagt tómsundastarf, samanborið við 8% árið 2009. Skýrslan ber heitið *Réttindi barna á Íslandi – Barnmiðuð greining á efnislegum skorti*.

[https://unicefceland.cdn.prismic.io/unicefceland/88d9bfb3-022f-4df4-82c9-dcac9c75faa3\\_UNICEF+-+Skortskyrysla+2021\\_loka.pdf](https://unicefceland.cdn.prismic.io/unicefceland/88d9bfb3-022f-4df4-82c9-dcac9c75faa3_UNICEF+-+Skortskyrysla+2021_loka.pdf).

Fátækt og efnislegur skortur þýðir einfaldlega að ekki eru til haldbærir peningar til þess að annast útgjöld heimilisins. Í einhverjum tilfellum geta foreldrar dreift greiðslum fyrir þátttöku- og æfingagjöldum og því er lagt til að borgin leitist við að koma því á í samvinnu við öll aðildarfélag frístundakortsins. Greiðsludreifingin verði þannig að hægt verði að dreifa gjöldum gjaldfrjálst í a.m.k. fjóra hluta yfir tímabilið sem greitt er fyrir. Svo dæmi sé tekið að ef gjaldið nær yfir námskeið eða tímabil sem varir í fimm mánuði, standi foreldrum til boða að dreifa þáttökugjaldi á fimm mánuði. Sömuleiðis þarf að tryggja að frístundakortið nýtist fátækum fjölskyldum til annars en bara að greiða upp í veru á frístundaheimili.

### Frístundaheimili

Frístundastyrkurinn er víða nýttur og í könnun sem var send til forráðamanna allra grunnskólabarna í Reykjavík árið 2020 kom fram að um 5% foreldra nýtti frístundakortið að fullu á frístundaheimili og 7% að hluta. Þegar spurt er um ástæðu þess kom fram að 16% geri það því annars hafi þau ekki efni á að hafa börnin á frístundaheimili og 9% hafi ekki efni á að setja barnið í annað frístundastarf. Um þetta er fjallað í skýrslu starfshóps um endurskoðun á regluverki um frístundakort sem var gefin út í október 2020 og fjallar m.a. um nýtingu á kortinu. Könnunin umrædda var send til forráðamanna allra grunnskólabarna í Reykjavík, um var að ræða alls 8762 heimili og 3581 svör bárust sem gerir um 40% svörun.

Frístundaheimili er við sérhvern grunnskóla í Reykjavík og þar er skipulagt fjölbreytt frístundastarf fyrir 6-9 ára börn. Börn geta dvalið í frístundaheimilum frá því að skóladegi lýkur og fram til kl. 17:00. Mikilvægt starf er unnið þar börnum til heilla og því leggja sósíalistar til í gjaldataka verið afnumin í frístundaheimilum. Kostnaðurinn við slíkt var metinn á einn milljarð (1.000 m.kr) í lok árs 2021. Þetta kom fram í kostnaðarmati við tillögu Sósíalístaflokks Íslands um að gera allt skólastarf á vegum borgarinnar gjaldfrjálst með öllu, þ.m.t. frístundaheimilin.

Það er hægur leikur að rökstyðja það að frístund eftir skóla sé hluti grunnskólagöngunnar. Þar hafa börn vettvang í jafningjahópi til að þroska félags- og tilfinningagreind sem sýnt hefur verið fram á að sé lykilþáttur í velgengni í langskólagöngu og til að stunda frjálsa þekkingarleit. Börn kunna að meta að geta verið saman eftir skólann án afskipta bekkjarkennara, í frjálsum leik og samskiptum sem þau geta stjórnað sjálf. Þar fara fram mikilvægar kennslustundir þótt enginn sé kennarinn. Það er því eðlilegt að gera kröfu um að frístund sé gjaldfrjáls eins og aðrir þættir grunnskólagöngunnar.

### **Útsvar á fjármagnstekjur – ríkasta fólkið greiði einnig fyrir uppbyggingu samfélagsinnviða**

Ólíkt launatekjum bera fjármagnstekjur ekkert útsvar. Þau sem hafa tekjur sínar einungis eða einna helst af fjármagni greiða því ekki til sveitarfélaga eins og aðrir. Sósíalistar hafa lengi lagt áherslu á að þetta verði leiðrétt. Slíkt er ekki hægt án laga frá Alþingi. Lagt er til að borgin þrýsti á ríkið um að koma útsvari á fjármagnstekjur þannig að auðurinn verði sóttur til þeirra sem geta borið það að greiða til samfélagsins. Með því má afnema gjaldtöku af æskunni, m.a. í frístundaheimilum.

Umræddar aðgerðir eru lagðar fram sem skref í átt að auknum jöfnuði meðal barna borgarinnar.